



Ungmennaráð Jafningjafræðslunnar, Jafningjaráðið, sótti um styrk á vegum Samfélagsverkefna (Solidarity corps) Erasmus+ síðastliðið haust og fékk úthlutuðum styrk fyrir verkefnið í janúar þessa árs. Markmiðið með verkefninu er að sporna gegn félagslegri einangrun ungs flóttafólks en það getur verið erfitt fyrir ungmenni að stíga sín fyrstu skref í félagslífinu í nýju landi og menningu og því mikil hætta á einangrun fyrir þennan hóp. Við í Jafningjafræðslunni vildum einnig auka við þekkingu okkar á aðstæðum ungs flóttafólks hér á landi og hvernig við getum komið betur til móts við þær í okkar starfi. Líkt og með annað í okkar starfi lögðum við áherslu á að verkefnið yrði unnið á jafningjagrundvelli þar sem ungur ræðir við ungan.

Undirbúningur

Hópurinn sem sá um verkefnið voru 7 meðlimir Jafningjaráðsins sem sjálf eru á aldrinum 18-20 ára. Áður en verkefnið hófst sat hópurinn stutt undirbúningsnámskeið til að læra meira um aðstæður flóttafólks hér á landi og á hvaða sviðum þarf helst að veita stuðning. Nílsína Larsen Einarsdóttir, verkefnastjóri *Sprettis*, kom og fjallaði um verkefni sitt í Háskólanum auk þess að fjalla um reynslu sína af því að vinna með flóttafólki. Chanel Björk Sturludóttir kom frá Mannflórunni og hélt fyrirlestur varðandi birtingamyndir fordóma og menningarhyggju hér á landi og hvernig hægt sé að sporna gegn henni. Miriam Petra Ómarsdóttir Awad kom á vegum landskrifstofu *Erasmus* á Íslandi og kynnti styrkjamöguleika sem eru í boði fyrir ungt fólk og Elísabet Pétursdóttir, deildastjóri Atvinnumála og forvarna í Hinu Húsinu fjallaði um verkefnastjórnun og fyrirkomulag *Youth Pass*.

Framkvæmd verkefnisins

Út frá þessu námskeiði setti hópurinn saman dagskrá með áhugaverðum stöðum um miðbæ Reykjavíkur sem talið var að væri nytsamlegt fyrir ungmenni að vita af. Byrjað var á Klambratúni þar sem farið var í hópeflisleiki og hópurinn fékk rými til að kynnst. Því næst var haldið niður á Hlemm en þar voru kynntar fyrir þeim helstu strætóleiðirnar og á leið okkar niður Laugarveginn kynntum við fyrir þeim búðir og samkomustaði sem vinsælir eru meðal ungs fólks. Við buðum þeim einnig upp á ís í Valdísi og kaffi í bókabúð Eymundsson

og kíktum í Sundhöll Reykjavíkur til að kynna þeim fyrir einstöku potta menningu Íslendinga. Að lokum tókum við með þeim strætó í Perluna þar sem þeim var boðið upp á norðurljósasýningu og rölt í gegnum íshelli. Ferðin var þátttakendum kostnaðarlaus að öllu og styrkurinn notaður til að borga veitingar og ferðina í Perluna og fengum við gefins strætómiða frá Strætó.

Á heildina hittum við um 30 ungmenni á aldrinum 14-20 frá Afganistan, Palestínu, Íran og Venesúela. Hópnum var einnig boðið í heimsókn upp í Hitt Hús þar sem starfsemi hússins og aðstaða var kynnt fyrir þeim og þau hvött til að mæta á opnu kvöldin sem haldin eru vikulega. Unnið var í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og verkefnið *Velkomin í hverfið þitt* til að finna og vera í sambandi við ungmennin en tengiliðir á vegum þeirra kynntu verkefnið fyrir hópnum.

Næstu skref

Við í Jafningjafræðslunni teljum mikilvægt að nálgast málefni ungs flóttafólks á jafningjagrundvelli og höfum mikinn áhuga á því að gera þetta verkefni að reglulegum viðburði í okkar starfi. Einnig var mikill áhugi meðal samstarfsaðila okkar frá Velferðarsviði borgarinnar, *Spretti* og *Velkomin í hverfið* að halda samstarfinu gangandi og verður fundað á næstu dögum hvernig hægt sé hægt að stækka og bæta við þessa nálgun. Við stöndum frammi fyrir einni stærstu mannúðarkrísu í Evrópu síðan á dögum Seinni Heimstyrjaldar og hafa nú þúsundir manns bæst við sívaxandi tölu fólks á flótta frá hörmungum í heimalandi sínu. Ísland býr sig undir að taka á móti fjölda af flóttafólki sem ekki hefur þekkt áður hér á landi og við viljum nota tækifærið og benda á það hve mikilvægt það er að efla félagslega þjónustu við það unga fólk sem er að setjast hér að. Ungmenni neyðast til þess að flýja hörmulegar aðstæður í heimalandi sínu og mikilvægt er að leggja áherslu á að skapa umhverfi sem þar sem þau upplifa sig velkomin á meðal jafnaldra sinna. Ungt fólk allstaðar í heiminum horfir á sömu myndir, þætti, Tik Tok, nota sömu samfélagsmiðla og eiga sitt eigið sameiginlega tungumál í gegnum *memes*. Að finna sameiginlega snertifleti hefur aldrei verið auðveldara og með aðstoð tækni geta ungmenni sem ekki einu sinni tala sama tungumál rætt um þau málefni sem snertir það. Það er því mikilvægt að skapa vettvang þar sem hinn fjölbreytti hópur ungs fólks sem við búum yfir getur hist og rætt upplifun sína af því að vera ung manneskja í dag.

